

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 157/1994, um vörugjald.

1. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skattstjóra er heimilt að taka tímabundið á skrá aðila sem selja ógjaldskyldar vörur úr landi til lúkningar á verksamningi erlendis, enda þurfi þeir að greiða vörugjald hérlendis vegna þessarar starfsemi. Um uppgjör þeirra við ríkissjóð fer eftir reglum 11. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Fyrir orðin „formúlu: Hlutfall = $1 - (100/(100+g))$ “ komi: reiknireglu:

Hlutfall = $100 * (1 - (100/(100+g)))$.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. ágúst 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.